

Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í reiðhöllinni Víðidal 4. maí 2020 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Þórunn Eggertsdóttir, Hlíf Sturludóttir, Árni Geir Eypórsson og Einar Gíslason.

1. Afmælisnefnd Fáks vegna 100 ára afmælis félagsins 22. apríl 2022

Rætt er um að skipa afmælisnefnd vegna 100 ára afmælis félagsins 2022. Talað er um að halda vera með veglegt afmæli á sjálfan afmælisdaginn og gera svo meira úr annað hvort gæðingamóti Fáks eða Reykjavíkumeistaramótinu. Unnið verður að því að finna fólk til að skipa í afmælisnefnd.

2. Bókhald

Rætt er um stöðuna á bókhaldinu. Öll gögn hafa borist frá fyrrum bókara og er verið að setja gögnin upp í nýja bókhaldskerfinu.

3. Aðalfundur

Fyrirhugað er að halda aðalfund í byrjun júní þegar reglur vegna samkomubanns hafa verið rýmkaðar.

4. Umferð um reiðstíga

Óvenjumikil umferð gangandi og hjólandi fólks er á reiðstígum. Rætt er um að bæta merkingar við reiðvegi. Þá er verið að athuga hvað myndi kosta að gera sjónvarpsauglýsingu og hvort önnur hestamannafélög gæti tekið þátt í einhverskonar fræðslu í nærumhverfi hestamannafélaganna. Athuga með hvort Landssamband hestamanna eða Horses of Iceland komið að slíkri vinnu.

5. Þjónusta reiðvega

Framkvæmdastjóri sendi beiðni á Reykjavíkurborg um grisjun við reiðvegi um miðjan apríl og samþykkti borgin þá beiðni. Vinna við grisjun stendur nú yfir.

Víða er stórgrýti að koma upp úr reiðvegum sem getur valdið slyshættu. Nauðsynlegt er að fjarlægja það og fylla holur með mól. Framkvæmdastjóra er falið að vinna þá vinnu.

6. Almennadalur

- a. Keppnisvöllurinn – Það vantar efni í keppnisvöllinn í Almennadal. Líklega 100 til 150 rúmmetra. Kannað verður með efni og verð.
- b. Deiliskipulagsmál – Deiliskipulagsbreyting sem Fákur vann að því að koma í gegn hefur verið felld vegna athugasemda sem við hana bárust. Unnið verður að því að koma henni aftur í auglýsingu.

7. TM-reiðhöllin – Endurnýjun styrktarsamnings við TM.

Fyrir liggja drög að endurnýjun á samningi við TM á nafni reiðhallarinnar og auglýsingum í reiðhöll. Stjórn samþykkir samninginn samhljóða.

Fundi slitið 18:00

Fundargerð ritaði Einar Gíslason